

# Ályktunartillögur stjórnar Vátryggingafélags Íslands

fyrir hluthafafund félagsins þann 14. júní 2023

Dagskrárlíður 2

## Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

### a. Tillaga um hækkun hlutfjár félagsins

Stjórn félagsins leggur til að við 4. grein samþykktu Vátryggingafélags Íslands hf. bætist ný málsgrein, sem verður 4. mgr. 4. greinar, svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að 245.000.000 krónur að nafnverði, til þess að efna skuldbindingar félagsins um greiðslu kaupverðs samkvæmt kaupsamningi um hlutfé í Fossum fjárfestingarbanka hf., dags. 5. maí 2023, þar sem hluthafar í Fossum fjárfestingarbanka hf. afhenda félaginu alla útgefna hluti í Fossum fjárfestingarbanka hf. sem gagngjald fyrir hina nýútgefna hluti. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu að gættum þeim takmörkunum sem leiðir af kvöðum um sölubann samkvæmt kaupsamningnum. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutfjárhækkunar og skulu sömu ákvæði og kveðið er á um í samþykktum þessum að öðru leyti gilda um nýútgefna hluti í félaginu. Stjórninni er enn fremur heimilt að gera breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við hlutfjárhækkun samkvæmt heimild þessari. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefna hluta samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Heimild þessi gildir til 5. maí 2024.“

### Greinargerð með tillögu:

Stjórn félagsins óskar eftir heimild hluthafafundar til að hækka hlutfé í félaginu með útgáfu nýrra hluta til þess að efna greiðsluskuldbindingar félagsins samkvæmt kaupsamningi um hlutfé í Fossum fjárfestingarbanka hf., dags. 5. maí 2023.

Verði heimildin veitt, hyggst stjórn nýta hana með útgáfu nýs hlutfjár sem hluthafar í Fossum fjárfestingarbanka hf. njóta réttar til áskriftar að til samræmis við ákvæði kaupsamningsins og er því ráðgert að hluthafar falli frá forgangsrétti, til samræmis við 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Kaupsamningurinn ráðgerir að hluthafar í Fossum fjárfestingarbanka hf. fái nýja hluti í Vátryggingafélagi Íslands hf. samtals að nafnverði allt að kr. 245.000.000 í skiptum fyrir hluti sína í Fossum fjárfestingarbanka hf. samtals að nafnverði kr. 368.354.015.

Heimildin skal gilda til 5. maí 2024, sem er til samræmis við ákvæði kaupsamnings um lokadag (e. long stop date) til að uppfylla skilyrði samkvæmt kaupsamningnum, sem lúta m.a. að áskildu samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og Samkeppniseftirlitsins.

Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu, að því gættu þó að samkvæmt kaupsamningnum er hluthöfum í Fossum fjárfestingarbanka hf., sem munu fá afhenta nýútgefna hluti, almennt óheimilt án skriflegs samþykkis stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf. að selja, veðsetja, nota til gerðar afleiðusamninga, gefa eða á nokkurn annan hátt afhenda hlutina í 36 mánuði frá afhendingardegi.

PricewaterhouseCoopers ehf. hefur að beiðni stjórnar félagsins útbúið sérfræðiskýrslu í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga sem geymir lýsingu á mati endurskoðunarfirmans á verði hluta í Fossum fjárfestingarbanka hf., upplýsingar um aðferðina sem notuð var við matið og tilgreiningu á því hvernig gagngjaldið var ákvarðað til samræmis við gengi hlutabréfa í Vátryggingafélagi Íslands hf. Þá geymir sérfræðiskýrslan yfirlýsingu um að verðgildi hlutanna í Fossum fjárfestingarbanka hf. svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds í formi hluta í Vátryggingafélagi Íslands hf. Sérfræðiskýrslan fylgir með fundarboði til hluthafafundar.

### b. Tillaga um breytingar á tilgangsréttum félagsins

Lagt er til að tilgangsréttir 2. gr. samþykktu félagsins verði breytt með þeim hætti að eftirleiðis verði tilgangi félagsins lýst með eftirfarandi hætti:

„Tilgangur félagsins er rekstur vátrygginga- og fjármálastarfsemi, ásamt allri leyfilegri hliðarstarfsemi og skyldum rekstri, hvort sem er beint eða í sérstöku félagi, eftir því sem lög leyfa. Jafnframt þjónusta við dótturfélög, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna, ávöxtun fjáreigna svo sem með kaupum, sölu og eignarhaldi á fjármálagerningum og eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélagum.“

### **Greinargerð með tillögu:**

Greinargerð með tillögu: Breytingar eru lagðar til á tilgangssákvæði samþykka félagsins í ljósi þeirra áherslubreytinga sem kynntar voru upphaflega á aðalfundi félagsins árið 2022 og ítrekaðar voru í tilkynningu félagsins þann 10. janúar sl. Þar kom fram að: „Markmið stjórnarinnar er að gera VÍS að enn vænlegri fjárfestingarkosti á markaði með skýrri sýn á vöxt, þróun og fjármagnsskipan. Liður í því er að gera félagið söluþrífara, efla tengsl við viðskiptavini og vera í fararbroddi við að innleiða nýjungar í tryggingastarfsemi. Samhliða stefnir VÍS á að verða virkur þátttakandi í þróun fjármálastarfsemi á Íslandi með áherslu á arðsaman vöxt, eignastýringu og ýmis önnur tækifæri sem hafa opnast á fjármálamarkaði.“ Stjórn félagsins hefur tekið skref í átt að framangreindu markmiði með stofnun SIV eignarstýringar hf. og undirritun samnings um kaup á öllu hlutafé í Fossum fjárfestingarbanka hf. sem tilkynnt var um þann 5. maí sl., og borinn verður undir hluthafa félagsins á hluthafafundi þeim sem boðað er til með fundarboði og tillögum þessum. Með framangreindum breytingum á tilgangi félagsins eru breyttar áherslur undirstrikaðar og jafnframt gert ráð fyrir möguleika þess að reka váttrygginga- og fjármálarekstur ýmist innan félagsins eftir því sem lög leyfa eða í sérstöku dótturfélagi. Í þeirri vinnu sem átti sér stað í tengslum við samningaviðræður um kaupin var skoðað hvernig framtíðarskipulagi samstæðu verði best hagað m.t.t. vaxtar, stjórnarháttar og hagræðingar. M.a. hefur verið skoðaður fýsileiki þess að tryggingastarfsemi félagsins verði færð í dótturfélag. Líkt og fram kemur í þeirri kynningu sem fylgir fundarboði og tillögum þessum er horft til þess að slíkt skref verði tekið á síðari tímapunkti, en slík færsla er háð sérstakri ákvörðun stjórnar og verður borin undir hluthafa á hluthafafundi ef til þess kemur.